

# Lög um lífeindafræðinga

## samþykkt á Alþingi 26. apríl 2005

### 1. gr.

Rétt til þess að starfa sem lífeindafræðingur hér á landi og kalla sig lífeindafræðing hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

### 2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. má aðeins veita þeim, sem lokið hafa prófi í lífeindafræði frá háskóla hér á landi

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað.

Áður en leyfið er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal leita umsagnar Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga. Enginn má kalla sig sérfræðing á tilteknu sviði lífeindafræði nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um veitingu sérfræðileyfa innan lífeindafræði að fengnum tillögum landlæknis, Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga.

### 3. gr.

Takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi má einnig veita þeim, sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. Slíkt leyfi má því aðeins veita, að fyrir liggja umsögn Félags lífeindafræðinga. Slíku leyfi fylgir ekki réttur til þess að kallast lífeindafræðingur.

### 4. gr.

Óheimilt er að ráða til starfa lífeindafræðings aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

### 5. gr.

Lífeindafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

### 6. gr.

Lífeindafræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

### 7. gr.

Um lífeindafræðinga gilda, að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur [læknalaga nr. 80 23. júní 1968](#)<sup>1)</sup> með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m.a. um sviptingu og endurfengi starfsréttinda, og um refsingu vegna brota lífeindafræðinga. <sup>1)</sup>[Nú l. 53/1988](#).

### 8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

### 9. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[Rg. 186/1976](#), sbr. [445/1979](#).